



SAMTÖK SUNNLEENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skýrsla velferðarmálanefndar SASS

Október 2007

Skipan og störf nefndarinnar

Á síðasta aðalfundi SASS var samþykkt að gera velferðarnefnd að fastanefnd á vegum samtakanna sem starfa skal á milli aðalfunda. Ástæðan er vaflaust sú að velferðarmál eru mikilvægur og sívaxandi málaflokkur hjá sveitarfélögunum.

Í nefndina voru skipuð: Ragnheiður Hergeirsdóttir Árborg formaður, Alexander Alexandersson Skaftárhreppi, Hildur Hermannsdóttir Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jón Pétursson Vestmannaeyjabæ og Unnur Þormóðsdóttir Hveragerðisbæ. Guðfinna Þorvaldsdóttir Rangárþingi ytra kom síðar inn í nefndina í stað Alexanders Alexanderssonar sem flutti af svæðinu. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri starfaði með nefndinni. Nefndin hélt alls 3 fundi. Nefndin lagði höfuðáherslu á könnun á félagsþjónustu sveitarfélaganna og málefni innflytjenda. Á fund nefndarinnar kom Elsa Árnadóttir ráðgjafi hjá Fjölmenningarsetursins á Ísafirði kynnti starfsemi þess og stefnumótun þess varaðandi innflytjendur.

Nefndin fjallaði ekki sérstaklega um hugsanlega yfirfærslu málefna fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga þar sem vinna er í gangi á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins um þau mál.

Könnun á félagsþjónustu sveitarfélaganna

Nefndin gerði könnun á meðal sveitarfélaganna á félagsþjónustu þeirra. Sendur var út ítarlegur spurningalisti. Svör bárust frá öllum sveitarfélögunum nema Sveitarfélaginu Ölfusi. Nokkurs misræmis gætti einnig í svörum og því verða endanlegar niðurstöður ekki birtar í þessari skýrslu en lögð er áhersla á að að ljúka könnuninni fyrir næstu áramót og senda niðurstöðurnar til aðildarsveitarfélaganna. Þrátt fyrir það gefa þær



upplýsingar sem borist hafa sterkar vísbendingar um hvernig sveitarfélögin standa að félagsþjónustunni, hvað vel er gert og hverju er áfátt. Verður hér á eftir farið yfir meginatriði bráðabirgðaniðurstæðna.

Umfang og skipulag félagsþjónustunnar

Öll sveitarfélögin nema eitt hafa starfandi félagsmálastjóra með háskólamenntun á sínu sviði. Sveitarfélögin í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu hafa sameiginlegan félagsmálastjóra, svo og sveitarfélögin í uppsveitum Árnassýslu. Í öllum sveitarfélögin starfa félagsmálanefndir en sérstök sameiginleg barnaverndarnefnd er starfandi í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Kostnaður sveitarfélaganna af félagsþjónustunni var svipaður eða á bilinu 20 – 30 þúsund krónur á íbúa á árinu 2006. Hlutfall yfirstjórnar þjónustunnar var á yfirleitt á bilinu 15 – 25%.

Félagsþjónustan - helstu þjónustusvið

Fjárhagsaðstoð er veitt í öllum sveitarfélögunum en með mismunandi hætti, fyrst og fremst í formi styrkja. Meiri hluti þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru öryrkjar, atvinnulaust fólk og sjúklingar. Fjárhagsaðstoðin var einnig mjög mishá eða allt frá um 700 kr. á íbúa upp í tæpar 4000 kr. á íbúa. Hlutfallslega er fjárhagsaðstoðin mest í stærstu sveitarfélögunum. Reglur um fjárhagsaðstoð hafa verið settar í öllum sveitarfélögunum nema einu.

Barnavernd er eitt af grundvallaratriðum félagsþjónustunnar og virðist alls staðar vera sinnt. Fjöldi barnaverndarmála sem upp kom á síðasta ári var á bilinu 250 til 300. Í öllum tilfellum er stuðst við ráðgjöf háskólamenntaðra sérfræðinga en í stærstu sveitarfélögunum er um fjölbreyttari úrræði að ræða. Aðeins 3 sveitarfélög hafa gert framkvæmdaáætlun um barnavernd.

Heimaþjónusta er veitt í öllum þéttbýlissveitarfélögunum en ekki öllum þeim fámennari og dreifbýlli. Kostnaður flestra sveitarfélaganna pr. íbúa er á bilinu tæplega 4 til 8 þús. kr. Öll sveitarfélögin nema eitt hafa sett sér reglur um heimaþjónustuna.

Matarþjónusta eða heimsending á mat er veitt í rúmum helmingi sveitarfélaganna og í öllum þeim stærstu. Kostnaður þjónustuþeganna er í bilinu 400 – 600 kr. fyrir matarskammtinn. Reglur hafa aðeins verið settar hjá þremur sveitarfélögum.

Þjónusta við fatlaða er ekki mikil þegar á heildina er litið. Um er að ræða liðveislu og ferðaþjónustu. Þjónustan og þar með kostnaður virðist langmestur hjá þremur stærstu sveitarfélögunum. Reglur hafa verið settar hjá 8 sveitarfélögum. Hér ber þess þó að geta að Vestmannaeyjabær hefur verið með þjónustusamning við ríkið um málefni fatlaðra frá árinu 1997. Þjónustan



er því mikil og kostnaður verulegur. Sinnt er öllum þjónustubáttum laga um málefni fatlaðra sem og félagslegri liðveislu og ferðaþjónustu.

Húsaleigubætur greiða öll sveitarfélögin lögum samkvæmt. Alls njóta 500 – 600 heimili húsaleigubóta árið 2006 og námu þær samtals um 100 milljónum króna. Meðalkostnaður á íbúa lá yfirleitt á bilinu 2000 til 6000 króna, með einni sérstakri undantekningu, þ.e. Grímsnes- og Grafningshreppi, en þar nam kostnaðurinn tæpum 13 þúsund krónum á íbúa. Sveitarfélögin virðast greiða almennt um helming húsaleigubótanna.

Félagsstarf aldraðra fer fram í flestum sveitarfélaganna. Ýmist eru félög eldri borgara styrkt eða sveitarfélöin standa fyrir starfseminni. Kostnaður sveitarfélaganna er nokkuð mjsjafn en ekki hár þegar á heildina er litið.

Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaganna er að finna í flestum þeirra. Ýmist er um ræða leiguíbúðir eða kaupleiguíbúðir. Leiguíbúðirnar eru um 250 talsins, langflestar í Árborg eða um 70. Sérstakar húsnæðisnefndir eru fáar, annars staðar sjá félagsmálanefndir um verkefni þeirra.

Dagmæður er að finna í aðeins 4 sveitarfélögum og þá fyrst og fremst í Árborg og Hveragerði, en í báðum þessum sveitarfélögum er ör íbúavöxtur vafalítið skýringin. Alls staðar er um niðurgreidda þjónustu að ræða.

Málefni Innflytjenda

Nefndin lagði áherslu á að kynna sér vel málefni innflytjenda og kanna hver staðan væri á Suðurlandi í málefnum þeirra. Í þessu skyni fékk nefndin á sinn fund sérfræðing frá Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði. Lögð var áhersla á að sveitarfélögin þurfi að skapa sér umræðuvettvang um málefni innflytjenda og að auðvelda útlendingum með almennum hætti að laga sig að samfélaginu. Jafnframt kom fram að tryggja þurfi að útlendingar sem búsettir eru á landinu eigi kost á upplýsingum um réttindi sín og skyldur í samfélaginu. Einnig kom fram að erfitt er fyrir innflytjendur að öðlast réttindi, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Í áðurnefndri könnun sem nefndin stóð fyrir hjá sveitarfélögum kom fram að fræðsla til innflytjenda er aðeins hjá 4 sveitarfélögum, sömuleiðis hafa starfsmenn sveitarfélaga sjaldnast fengið endurmenntun í þessu skyni og aðeins 1 sveitarfélag hefur mótað sér stefnu í málefnum innflytjenda.

Mikil fjölgun hefur orðið á innflytjendum á Íslandi á síðustu árum eins og kunnugt er og er Suðurland þar ekki undantekning. Innflytjendur voru á bilinu 5 – 8% eftir landshlutum, með einni undantekningu; Austurlandi en þar var hlutfallið 25%. Hlutfallið var 5% á Suðurlandi, en mjög mismunandi

eftir sveitarfélögum eins og meðfylgjandi tafla ber með sér. Í þremur sveitarfélögum er hlutfall innflyjenda yfir 10%, þ.e. Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi. Athygli vekur einnig hve lágt hlutfallið er í Vestmannaeyjum. Fjöldi þjóðerna er verulegur en lang fjölmennasti hópurinn kemur frá Póllandi eða um 40% innflytjendanna. Tekið skal fram að hér eru aðeins taldir þeir sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt, en að sjálfsögðu búa fjölmargir af erlendu bergi brotnir á Suðurlandi sem hafa áunnið sér þann rétt.

Innflytjendur á Suðurlandi 2006				
Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
	2006	innflytjenda		þjóðerna
Ásahreppur	158	10	6,3	5
Bláskógabyggð	921	60	6,5	16
Flóahreppur	551	31	5,6	11
Grímsnes- og Grafningshreppur	375	39	10,4	9
Hrunamannahreppur	786	87	11,1	15
Hveragerði	2.189	67	3,1	19
Mýrdalshreppur	496	22	4,4	7
Rangárþing eystra	1.694	139	8,2	22
Rangárþing ytra	1.526	112	7,3	19
Skafthreppur	485	9	1,9	6
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	527	33	6,3	9
Sveitarfélagið Árborg	7.280	242	3,3	26
Sveitarfélagið Ölfus	1.854	239	12,9	22
Vestmannaeyjar	4.075	66	1,6	21
Samtals	22.917	1.156	5,0	53

Miðað er við íbúafjölda 1. desember 2006 skv. upplýsingum Hagstofunnar

Almennt um velferðarþjónustu

Velferðarnefnd SASS leggur áherslu á að góð velferðarþjónusta feli það í sér að ekki sé aðalatriði hvers vegna fólk þurfi þjónustu, þó svo að réttur fólks til þjónustu grundvallist á mismunandi lögum. Horft sé til þarfa fólks á hverjum tíma og þeim mætt í samræmi við óskir og aðstæður. Þannig skiptir ekki meginmáli hvort viðkomandi þarf þjónustu vegna aldurs (börn, aldraðir), fötlunar, sjúkdóma, fátæktar eða annarra aðstæðna, heldur er það þörf viðkomandi fyrir aðstoð til að lifa daglegu lífi sem er grundvallaratriði. Það þýðir þó ekki að sérþekking á málefnum hinna ýmsu hópa þurfi ekki að vera til staðar hjá þjónustuaðilum, hún er auðvitað forsenda þess að þörfin verði rétt metin og eðli og framkvæmd þjónustunnar sem best.

Eftirsóknarvert er að einfalda þjónustukerfið eins og kostur er, jafnt fyrir notandann sem veitandann. Þar spila samræming og samráð milli þjónustukerfa stórt hlutverk og sameining „kerfa“ væri í mörgum tilvikum



besta leiðin, sbr. umræðu um flutning málefna aldraðra og fatlaðra frá ríki og sveitarfélaga. Leggja þarf áherslu á hjálp til sjálfshjálpar og þannig gæta að sjálfsvirðingu og sjálfsákvörðunarrétti hvers og eins. Faglega veitt og vel rekin þjónusta er „hæfileg“, en hvorki ofþjónusta né vanþjónusta eru ásættanlegar í þessu samhengi.

Sveitarfélög á Suðurland eiga mörg sóknarfæri á þessu sviði og hvetur velferðarnefndin til þess að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stuðli með markvissum hætti að enn frekari þróun og eflingu velferðarþjónustu á svæðinu. Nefndin telur öflugt samstarf í velferðarmálum á milli sveitarfélaga og á milli sveitarfélaga og ríkisins eina af forsendum áframhaldandi vaxtar byggðar á Suðurlandi.

Tillögur velferðarmálanefndar til aðalfundar 2007

1. Velferðarnefnd SASS hvetur sveitarfélög á Suðurland til að móta sér stefnu í málefnum innflytjenda, þar serm höfuðáhersla verði lögð á fræðslu, upplýsingagjöf og aðlögun. Sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og mikilvægt að þau hafi skýra sýn á málin. Á undanförunum árum hefur safnast mikil þekking og reynsla í landinu um þjónustu og stuðning við innflytjendur til aðlögunar að nýju samfélagi. Stefnumörkun sveitarfélaga er mikilvæg til þess að unnt sé að standa sem best að þjónustu við þennan hóp íbúa og styðja við aðlögun þeirra að samfélaginu.

2. Velferðarnefndin hvetur sveitarfélögin til að nýta sér niðurstöðurkönnunar um félagslega þjónustu til enn frekari þróunar og uppbyggingar þjónustunnar. Umfang og útfærsla þjónustunnar virðist vera með nokkuð mismunandi hætti eftir sveitarfélögum og má gera ráð fyrir að víðtæk reynsla sé til staðar á svæðinu af skipulagi og framkvæmd þjónustu. Miðlun og nýting þeirrar reynslu innan svæðisins er því meðal sóknarfæra sunnlenskra sveitarfélaga í þessum málaflokkum. Nefndin leggur til að sveitarfélögin skipi sameiginlegan hóp embættismanna til að yfirfara helstu þætti þjónustunnar og reglur sem hana gildi með það að markmiði að miðla upplýsingum og auðvelda sveitarfélögum að hagnýta þá þekkinguog reynslu sem til staðar er.

3. Velferðarnefndin leggur til að unnið verði að samræmingu og þróun verkferla í samstarfi við ríkisstofnanir á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu. Heildarsýn á aðstæður fólks er nauðsynleg eigi þjónusta að gera það gagn sem til er ætlast. Þess vegna verða þær stofnanir sem sinna velferðarþjónustu að leggja saman krafta sína og þekkingu og móta verklag sem m.a. byggir á reglubundnu samstarfi þessara aðila. Nefndin leggur til að samtökin leggi sitt af mörkum til að slíkt verklag verði tekið upp á svæðinu.